

REGLUGERÐ

um framkvæmd samþætts sérfræðimats.

1. gr.

Gildissvið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd samþætts sérfræðimats, skv. 26. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Tryggingastofnun sér um framkvæmd samþætts sérfræðimats samkvæmt viðauka með reglugerð þessari.

Samþætt sérfræðimat skal endurskoðað svo oft sem þörf þykir en þó eigi sjaldnar en á árs fresti.

2. gr.

Mat á færnei.

Við framkvæmd samþætts sérfræðimats skal Tryggingastofnun leggja einstaklingsbundið og heildrænt mat á áhrif heilsu, fötlunar, færnei og aðstæðna umsækjanda, svo sem persónulegra, félagslegra og umhverfislegra, á getu hans til virkni á vinnumarkaði á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Til aðstæðna teljast m.a. notkun hjálpartækja, aðstoð eða stuðningur, sem eykur eða getur aukið getu umsækjanda til virkni á vinnumarkaði, svo og möguleikar hans á vinnumarkaði.

Tryggingastofnun er heimilt að boða umsækjanda um örorku- eða hlutaörorkulífeyri í viðtal til sérfræðings á vegum stofnunarinnar.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 31. og 63. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, öðlast gildi þann 1. september 2025. Frá gildistöku reglugerðar þessarar fellur brott reglugerð um örorkumat, nr. 379/1999.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu X. Y. 2025.

Inga Sæland

Bjarnheiður Gautadóttir

Viðauki: